

Fréttabréf



14. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2016



**Nýr kjarasamningur
Einn réttur - ekkert svindl
Tillögur uppstillingarnefndar**

Afslættir til félagsmanna

Á heimasíðu FIT er hnappur sem vísar á afsláttarkjör sem félagsmönnum FIT bjóðast. Nú er skráður þar fjöldi fyrirtækja sem veita félagsmönnum afslátt gegn framvísun á félagsskírteini í FIT. Flestir afsláttirnir eru á bilinu 5% til 15%. Við vekjum sérstaka athygli á að inni á orlofshúsavefnum undir afsláttur, sérafsláttur er hægt að sækja um sérafslátt á eldsneyti hjá Olís. Félagsmenn FIT eru hvattir til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem bjóða afsláttarkjör.

Leigureglur fyrir húsið á Florída

Munið að til að fá lykla afhenta að húsinu í Orlando gildir sú regla að leigjandi **verður að framvísa flugmiða til USA** sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þessi framgangsmáti er til að tryggja að leigjandinn/félagismaðurinn sé sjálfur að fara í húsið.

Önnur regla: Þeir sem aldrei hafa farið í húsið í Orlando er veittur forgangur í eina viku fram yfir þá sem áður hafa farið. Minnum á að opnað er fyrir leigu á húsinu á orlofsvefnum fyrir allt árið 2017 þriðjudaginn 1. mars kl.13:00. Fyrstur pantar, fyrstur fær. **LOKAÐ verður til 7. mars kl.13:00 á bókanir þeirra sem áður hafa leigt húsið í Orlando.**

Bridge

Bridgespilarar hafa þegar hafið leik og ætla að spila til vors í salnum á 6. hæð í Borgartúni 30. Spilað er annan hvern fimmtudag kl. 19:30. Mótaröð fram á vorið 2016 er eftirfarandi:

- 4. febrúar: Byggiðnarbikarinn - tvímenningur
- 18. febrúar: Byggiðnarbikarinn - tvímenningur
- 3. mars: Húsasmiðjumótið - sveitakeppni
- 17 mars: Húsasmiðjumótið - sveitakeppni
- 31. mars: Lokakvöldið og uppgjör vetrarins

Fréttabréf FIT

1. tbl. 14. árg. janúar . 2016

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Síma 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Umbrot og prentun: prentun.is



Nýr orlofshúsabæklingur



Nýr orlofshúsabæklingur FIT fyrir árið 2016 er kominn út og fylgir fréttabréfinu. Boðið er uppá 30 orlofsíbúðir auk íbúðar í Reykjavík sem er í dagsleigu og hús á Florida sem er í dagsleigu. Ekki verður boðið uppá ferðavagna (tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíl) en þess í

stað verður boðið uppá að kaupa ferðavagnaafslátt á orlofsvefnum. Þá verða í boði afslættir á ferðum með ferðaskrifstofum, afsláttarmiðar vegna hótelliginga, veiðikortið og fleira. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér einhvern af þeim möguleikum sem þarna eru í boði.

Ný félagsskírteini

Ný félagsskírteini eru væntanleg í febrúar eða mars, en eins og kynnt var í síðasta fréttabréfi frestaðist útgáfa þeirra. Þangað til gilda félagsskírteini ársins 2015.

Út í bláinn

Út í bláinn er gönguferðahópur FIT og Byggiðnar og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að Kostnaðarlausu. Einungis þarf að koma með góða skapið, ævintýraþrána og síðan er gengið út í bláinn á vit ævintýranna.

Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins og er lagt af stað frá Borgartúni 30 kl. 13.00 og áætluð heimkoma kl. 16.00.

Ferðirnar framundan:

28. febrúar.

mars. auglýst síðar á heimasíðu

24. apríl.

Allar nánari upplýsingar á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000.

Svo er bara að drífa sig með fjölskylduna.



Sögulegur áfangi í lífeyrismálum



Kjarasamningurinn sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins undirrituðu þann 21. janúar sl. og gildir frá áramótum til loka ársins 2018 er sögulegur vegna þess að með honum næst mikilvægur áfangi í baráttumáli sem verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á frá árinu 2011, ekki síst við í Félagi iðn- og tæknigreina og Samiðn. Þar er um að ræða stærstu skref sem stigin hafa verið til að jafna lífeyrisréttindi á almennum markaði og réttindi starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Það er gert með því að hækka framlag atvinnurekenda. Það hækkar frá 1. júlí 2016 úr 8% í 8,5% og síðan í 10% 1. júlí 2017 og aftur í 11,5% 1. júlí 2018. Þetta felur í sér að þau réttindi sem launafólk ávinnur sér úr lífeyrissjóðum á starfsævinni til 67 ára aldurs aukast um 35% frá því sem nú er. Fólk mun geta vænst þess að fá 76% af meðalævitekjum sínum úr lífeyrissjóði en það hlutfall er nú 56%. Útfærslan verður þannig að einstaklingum verður kleift að ráðstafa þessum auknu réttindum að hluta eða öllu leyti í bundinn séreignarsparnað en ekki eingöngu í samtryggingarsjóð. Þetta er umtalsverður árangur að okkar mati. Launaliður samningsins felur einnig í sér hækkanir sem eru talsvert meiri en gert var ráð fyrir í gildandi samningi. Hækkunin verður að minnsta kosti 6,2% frá 1. janúar sem þýðir 15.000 króna hækkun lágmarkslauna. Í eldri samningnum var gert ráð fyrir 5,5% hækkun sem ýmist var kölluð launaþróunartrygging eða baksýnispegill. Þann 1. maí 2017 munu laun hækka um 4,5% en ekki 3,0% eins og eldri samningur gerði ráð fyrir. Þá verður hækkunin 1. maí 2018 3,0% en ekki 2,0%. Það er okkar mat að með þessum samningi hafi fengist bætur fyrir þá launaþróun sem orðið hefur frá því samið var í maí á síðasta ári.

ATKVÆÐAGREIÐSLA Á NÆSTUNNI

Sameiginleg atkvæðagreiðsla allra aðildarfélaga um þennan samning mun fara fram og verður kynnt á næstu dögum en henni þarf að vera lokið fyrir 26. febrúar næstkomandi. Atkvæðagreiðslan mun eingöngu ná til þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins og Meistarafélagin innan Samtaka iðnaðarins. Samningar

við aðra viðsemjendur, svo og Bílgreinasambandið og Meistarafélag pípulagningamanna, verða væntanlega uppfærðir til samræmis. Það er athyglisvert að atvinnurekendur undirrituðu samninginn án þess að hafa fengið skriflega yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um hennar aðgerðir til að greiða fyrir samningunum. Hins vegar liggur fyrir loforð frá fjármálaráðherra um að tryggingagjald verði lækkað á næstunni í því skyni að auðvelda atvinnurekendum að mæta auknum launakostnaði. Þessi samningur og sú atkvæðagreiðsla sem fram fer á næstunni snertir á engan hátt samkomulag SALEK-hópsins svokallaða frá því í október um forsendur fyrir því að móta nýtt samningslíkan fyrir íslenskan vinnumarkað. Þau mál, sem verða áberandi innan okkar raða á næstunni eru nýtt samningalíkan, vinnutímabreytingar og lífeyrismál. Það má gera ráð fyrir að þessi mál verði efst á baugi á þingi Samiðnar í vor og að þau muni setja mikinn svip á starfið á næstu mánuðum og misserum hjá FIT, en endanlegrar niðurstöðu er í fyrsta lagi að vænta í þessum málum vorið 2017 og verður þá borin undir atkvæði félagsmanna.

ENGAR LAUNAHÆKKANIR Í STRAUMSVÍK

Nú þegar samið hefur verið við Samtök atvinnulífsins og beðið er atkvæðagreiðslu er kjaradeilan í álverinu í Straumsvík stærsta óleysta verkefnið í kjaramálum okkar félagsmanna. Þar er við að eiga alþjóðlegan auðhring, Rio Tinto Alcan, sem sýnir meiri óbilgirni gagnvart íslensku launafólki en nokkur annar viðsemjandi verkalýðshreyfingarinnar í landinu hefur gert svo lengi sem elstu menn muna. Á þriðja ár er nú liðið síðan starfsfólk í Straumsvík fékk síðast launahækkanir. Enn sem komið er bendir ekkert til raunverulegs samningsvilja hjá fyrirtækinu. Framkoma þessa erlenda auðhrings er óþolandi en hann er alræmdur víða um heim fyrir erfiðleika í samskiptum við starfsmenn og verkalýðsfélög. Það er engan bilbug að finna á starfsfólki í Straumsvík né okkur sem förum með samningsumboð fyrir þeirra hönd, enda er þar um að ræða baráttu sem snertir grundvöll verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

KJARASAMNINGUR

milli

Alþýðusambands Íslands, Flóabandalagsins, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga og VR, Stéttarfélags Vesturlands, VM félags vélstjóra og málmtæknimanna, Félags hársnyrtisveina, Grafíu - stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum, Félag leiðsögu- manna, MATVÍS og Mjólkurfræðingafélags Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins

1. GR.

GRUNDVÖLLUR SAMNINGSINS

Samningur þessi byggir á rammasamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

2. GR.

GILDISSVIÐ

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjara- samninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu maí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjara- samninga um fyrirtækjaþátt, skal uppfæra sérstak- lega í samræmi við grein 2.b. í rammasamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnað- arhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

3. GR.

FRAMLAG Í LÍFEYRISSJÓÐI

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfar- andi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um sam- ræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opin- bera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af með- altals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í

11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skörður en gilda gagnvart öðrum við- bótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

4. GR.

ALMENNAR LAUNABREYTINGAR

Launaþróunartrygging fyrir árið 2016 fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánað- arlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjara- tengdra liða en desember og orlofsuppbóta, sbr. þó meðfylgjandi bókun með þessari grein.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

5. GR.

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðismála- ráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um hús- næðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febr- úar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frum- vörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

6. GR.

AFGREIÐSLA SAMNINGSINS

Kjarasamning þennan skal með vísan til 2. mgr.

5. gr. laga nr. 80/1938, bera upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins sem taka laun skv. almennum kjarasamningum við SA frá í maí til september 2015 og skulu atkvæði talin sameiginlega. Með sama hætti verður kjarasamningurinn borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eru aðilar sammála um að tilkynna skuli niðurstöðu atkvæðagreiðslna fyrir kl. 14:00 26. febrúar 2016.

BÓKUN TIL SKÝRINGAR Á 4. GR.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og þrátt fyrir ákvæði

bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkanir, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsaminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkun launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa samnings, hafi launagreiðandi framkvæmt slíka hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.

Reykjavík, 21. janúar 2016

Umgengni í orlofshúsum

Allt of algengt er að verða að illa sé skilið við í orlofshúsum FIT. Orðtakið segir að umgengni lýsi innra manni en því verður vart trúað að innri maður svo margra félagsmanna FIT sé með þeim hætti sem hann birtist í umgengni húsanna. Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreint á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer nánast einsdæmi en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þrifið séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólf, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka. Við minnum á að forsenda þess að hægt sé að leigja húsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför. Það virðist því miður vera full þörf á að ítreka þær reglur sem gilda um frágang skemmdir og innheimtu bóta.



- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000. (fer eftir akstursfjarlægð og umfangi þrifa)
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekens frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn.
- Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.



Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. GR. LAGA FÉLAGSINS SEGIR:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða raf-ræn kosning.

UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ OG SAMN-

INGANEFND SEGIR Í 20. GREIN FÉLAGSLAGANNA:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins. Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Í sólina með Úrvali- Útsýn eða Sumarferðum.

Í samvinnu við ferðaskrifstofurnar Sumarferðir og Úrval-Útsýn býður FIT félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna. Ferðatímabil er frá maí og út september sumarið 2016

Greiða þarf 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmaður fer inn á miðasölu á orlofsvefnum og kaupir ferðavísun sem innifelur afsláttarkóða. Félagsmaðurinn bókar svo ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni og skráir afsláttarkóðann í bókunina. Þá á afslátturinn að koma fram strax.



Umsóknir verða opnaðar 2. febrúar á orlofsvef FIT, **fyrstur kemur, fyrstur fær**. Teknir eru 26 orlofs-punktar af orlofsreikningi kaupanda.

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUNNI
Í SÍMA 535 6000**

Allar umsóknir á orlofsvefnum


Ekki verður sent út umsóknareyðublað fyrir sumarúthlutun, heldur er eingöngu sótt um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Opnað verður fyrir umsóknir föstudaginn 12. febrúar og lokað föstudaginn 11. mars. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir mönnum má senda tölvupóst á fit@fit.is þar sem óskir umsækjenda eru tíundaðar. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta í þess stað komið á einhverja af skrifstofum FIT eða sent **skriflegar óskir** til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Slíkar umsóknir þurfa að hafa borist til FIT fyrir 11. mars. **Ekki verður tekið við umsóknum í síma.** Allir eiga svo að fá svar fyrir 16. mars og þeir sem fá úthlutun þurfa að hafa greitt 4. apríl. Þann 5. apríl kl 13:00 verður það sem er ógreitt og ekki leigist sett á orlofsvefinn og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. Þegar sótt er um rafrænt þarf að setja inn kennitölu og lykilorð, sem er á félags-skírteininu og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 3. júní. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar Félagsmönnum stendur til boða að kaupa sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur að fá 25.000 króna afslátt. Hver félagsmaður má einungis kaupa einn ferðavagnaafslátt. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagna-leiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Athugið að þeir sem kaupa ferðavagnaafslátt geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 20 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.



Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðaávisun í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun.

Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa afsláttarmiða fyrir hót- elgistingu, veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2017 þriðjudaginn 1. mars kl.13:00. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sól- arhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrífagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT.

LOKAÐ verður til 7. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt húsið.



Alþýðusamband Íslands hefur ákveðið að hrinda af stað sérstöku samstarfsverkefni Alþýðusambandsins og aðildarsamtakanna sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, með sérstakri áherslu á að verja réttindi útlendinga og ungs fólks. Yfirskrift verkefnisins er EINN RÉTTUR - EKKERT SVINDL!

Af hverju EINN RÉTTUR - EKKERT SVINDL!

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa á undangengnum mánuðum og misserum orðið áskynja um stöðugt vaxandi vanda vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi. Helst má líkja ástandinu við stöðuna eins og hún var þegar verst lét á árunum fyrir hrunið 2008. Birtingamyndir brotastarfseminnar eru einkum með þrennum hætti:

- Gagnvart útlendingum og ungu fólki í ráðningarsambandi við innlend fyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Þar sem kjarasamningar eru ekki virtir, launafólk hvatt til að vera í svartri vinnu og ungmenni blekt til að til að vinna „prufudaga“ eða „prufuvakt“ eða ráða sig „til reynslu“ án launa.
- Gagnvart útlendingum sem starfa hjá erlendum „þjónustuveitendum með tímabundna starfsemi“ hér á landi. Gjarnan er um að ræða laun og önnur starfskjör sem eru langt undir því sem íslenskir kjarasamningar kveða á um. Um er að ræða fyrirtæki með hefðbundna þjónustustarfsemi, en einnig í vaxandi

mæli starfsmannaleigur. Þá er einnig dæmi um gerviverktöku í tengslum við þessa samninga.

- Gagnvart erlendum ungmennum við „sjálfboðaliðastörf“ af ýmsu tagi, sem oftast en ekki falla undir reglur vinnumarkaðarins og eru launavinna án þess að nokkur laun séu greidd. Sama gildir um sumt af svokölluðu „starfsnámi“ og „starfsþjálfun“ sem erlend ungmenni eru sögð stunda hér, en er ekkert annað en kauplaus launavinna.

Þessari brotastarfsemi fylgir ekki aðeins að brotið sé á þeim einstaklingum sem um ræðir, bæði hvað varðar laun og önnur starfskjör og greiðslu iðgjalda sem veita marghátuð réttindi á vinnumarkaði. Henni fylgir jafnframt að fyrirtækin sem um ræðir eru með öllum ráðum að koma sér undan sköttum og skyldum og greiða þannig til samfélagsins því sem þeim ber.

ÞÖRF ER Á ÖFLUGUM OG MARKVISSUM AÐGERÐUM GEGN BROTASTARFSEMINNI

Þær aðstæður sem að framan er lýst krefjast öflugra og markvissra aðgerða af hálfu verkálýðshreyfingarinnar og annarra sem málið varðar. Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á

íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.

- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Það er mikilvægt að skilaboðin séu einföld og skýr; það tapa allir á þessari brotastarfsemi nema svindlararnir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Ljóst er að árangurinn af verkefninu mun öðru fremur byggja á miklu og góðu samstarfi við: Aðildarsamtök ASÍ - landssamböndin en þó einkum stéttarfélagin og eftirlitsfulltrúa þeirra og aðila utan ASÍ sem málið varðar helst, einkum SA og aðildarsamtök þess, Vinnumálastofnun, ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitið og lögregluna.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARSTARF

Mikilvægt er að upplýsa alla þá sem málið varðar um mikilvægi þess að allir njóti þeirra réttinda sem þeim ber og að koma í veg fyrir undirboð á vinnumarkaði og aðra brotastarfsemi. Um mánaðarmótin janúar-febrúar verður tilbúið fjölbreytt upplýsinga- og kynningarefni sem beint er að fjórum markhópum:

- a. Íslendingar sem þegar eru á vinnumarkaði og aðrir aðilar, s.s. fjölmiðlar og opinberar stofnanir
- b. Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði (bæði hjá íslenskum og útlendum fyrirtækjum).
- c. Ungt fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði
- d. Upplýsingaefni fyrir (útlend) fyrirtæki sem vilja vera með hlutina í lagi

Lögð verður áhersla á að dreyfa þessum upplýsingum sem víðast, á vinnustöðum, á skrifstofum verkalýðsfélaganna og annars staðar.

SAMSTARF VIÐ SAMTÖK ATVINNUREKENDA OG STJÓRNVALDSSTOFNANIR

Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð áhersla á að koma á formlegu og reglubundnu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og þær stjórnvaldsstofnanir sem helst hafa hlutverki að gegna varðandi aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, þ.m.t. hvað varðar undirboð á vinnumarkaði og svarta atvinnustarfsemi. Fyrirmyndir að slíku samstarfi er m.a. að sækja í átakið „Leggur þú þitt af mörkum?“ sem unnið var af ASÍ, SA og ríkisskattstjóra og samstarfi iðnfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem verið hefur að þróast í tengslum við byggingaiðnað og mannvirkjagerð.

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

Á næstu dögum og vikum verður verkefnið „EINN RÉTTUR-EKKERT SVINDL!“ kynnt fyrir aðildarfélagunum ASÍ um land allt og það skipulagt í samstarfi aðila. Markmiðið er að koma á:

- Öflugu, vel skipulögðu og markvissu vinnustaðaeftirliti og góðri skrásetningu á stöðunni á hverju svæði fyrir sig. Sem lið í þessu starfi verður efnt til kynninga og námskeiða fyrir eftirlitsfulltrúa og starfsmenn stéttarfélaganna.
- Samstarfsneti stéttarféлага og opinberra aðila sem málið varðar helst á hverju svæði fyrir sig.

Áherslan er skýr: Að uppræta brotastarfsemi í atvinnulífinu, þar sem sjónum er sérstaklega beint að misnotkun á ungu fólki og útlendingum - tryggja kjör og réttindi alls launafólks og efla stéttarfélagin og þátttöku í þeim.

Þá verður áhersla lögð á að fylgja verkefninu vel og skipulega eftir:

- Með upplýsinga- og fréttamiðlun út í samfélagið - til að vekja áfram athygli á verkefninu og þeim markmiðum sem því er ætlað að ná og skapa um leið almenna velvild og stuðning við verkefnið.
- Með upplýsingum, stuðningi, hvatningu og fræðslu til stéttarfélaganna og eftirlitsfulltrúanna.

Hér er ekki um tímabundið átaksverkefni að ræða, heldur viðvarandi verkefni og áhersla af hálfu verkalýðshreyfingarinnar og stéttarfélaganna - hluti af kjarnastarfsemi þeirra til framtíðar.



FIT, Byggingin og Rafiðnaðarsambandið hafa um árabil haldið uppi öflugu vinnustaðaeftirliti. Myndin sýnir eftirlitsaðila FIT að störfum

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FIT FYRIR AÐALFUND 2016

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2018

Tryggvi F. Arnarson
Ármann Ægir Magnússon
Einar Þór Gíslason
Sveinn Jónsson
Andrés H. Hreinsson
Helgi Pálsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason

Tillaga uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2016 um aðalmenn í helming trúnaðarráðs til ársins 2018

- 2 Kristján Þórðarson
Vík Húsasmiður
- 4 Kristján Geir Jóhannesson
Sauðárkróki Bifvélavirki
- 6 Kristinn Bjarnason
Reykjavík Bifvélavirki
- 8 Sigfús Birgir Haraldsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 10 Orri Sturluson
Hafnarfirði Húsasmiður
- 12 Reynir Pálmason
Reykjavík Bifvélavirki
- 14 Finnur Traustason
Reykjavík Málari
- 16 Guðmundur Ottósson
Reykjavík Bifreiðasmiður
- 18 Reynir Olgeirsson
Reykjavík Blikksmiður
- 20 Elías Þorsteinsson
Akranesi Vélvirki
- 22 Benedikt Jónsson
Reykjavík Garðyrkjum.
- 24 Birgir Gíslason
Reykjavík Málari
- 26 Hlynur Kristjánsson
Reykjanesbæ Húsasmiður
- 28 Árni Stefánsson
Reykjavík Pípulagningam.
- 30 Sveinbjörn Örn Arnarson
Mosfellsbæ Múrari
- 32 Stefán Sigurþór Agnarsson
Vestmannaeyjum Vélvirki
- 34 Ólöf Magnúsdóttir
Reykjavík Tækniteiknari
- 36 Stefanía Stefánsdóttir
Grindavík Tækniteiknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2018

- 40 Gunnar Geir Ólafsson
Mosfellsbæ Bifvélavirki
- 42 Rúnar Breiðfjörð Ásgeirsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 44 Eiríkur Gunnarsson
Reykjavík Bifvélavirki
- 46 Gunnar Kristinnson
Kópavogi Múrari
- 48 Sævar Garðarsson
Reykjavík Múrari
- 50 Magnús Heiðar Þorgeirsson
Reykjavík Blikksmiður
- 52 Guðmundur Bergsson
Selfossi Húsasmiður
- 54 Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Selfossi Skróðgarð.
- 56 Grímur Björnsson
Akranesi Vélvirki
- 58 Ólöf Anna Ólafsdóttir
Reykjavík Garðyrkjum.
- 60 Georg Kristinn Sigurðsson
Reykjanesbæ
- 62 Bjarni Már Svavarsson
Grindavík Húsasmiður
- 64 Jóhannes Grettisson
Vestmannaeyjum Húsasmiður
- 66 Magnús Már Haraldsson
Reykjavík Pípulagningam.
- 68 Hans Ísebarn
Mosfellsbæ Múrari
- 70 Ingibjörg Kristín Valsdóttir
Mosfellsbæ Tækniteiknari
- 72 Sigurður Hergeir Einarsson
Hafnarfirði vélvirki
- 74 Einar Gunnarsson
Reykjavík Blikksmiður

Tillaga uppstillingarnefndar 2016 um aðal- og varafulltrúa á aðalfund Festu lífeyris- sjóðs árið 2016

- | | |
|---------------------|-------------|
| Ólafur Magnússon | Reykjanesbæ |
| Gunnlaugur Hauksson | Sandgerði |
| Hlynur Kristjánsson | Reykjanesbæ |
| Logi Halldórsson | Reykjanesbæ |
| Sigmar Björnsson | Reykjanesbæ |
| Guðjón Þórhallsson | Reykjanesbæ |
| Sveinbjörn Jónsson | Reykjanesbæ |
| Ásbjörn Árnason | Sandgerði |

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI SAMEINADA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2016

Hilmar Harðarson	Reykjavík
Tryggvi Arnarson	Reykjavík
Helgi Ólafsson	Reykjavík
Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
Helgi Pálsson	Reykjavík
Valdimar Birgisson	Reykjavík
Einar Þór Gíslason	Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson	Akranes
Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Reykjavík
Andrés Haukur Hreinsson	Garðabæ
Sveinn Jónsson	Reykjavík
Þorsteinn Kristmundsson	Hafnarfirði
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
Birgir Gíslason	Kópavogi
Kjartan Tómasson	Kópavogi
Hermann Guðmundsson	Reykjavík

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á ÞINGI ASÍ ÁRIÐ 2016

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarson
Ármann Ægir Magnússon
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Vilhjálmur Gunnarsson
Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Helgi Pálsson
Heimir B. Janusarson
Sveinn Jónsson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Valdimar Birgisson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Haukur Hreinsson
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Kristján Þórðarson
Sigríður Runólfssdóttir
Logi Halldórsson
Kjartan Tómasson
Rúnar Bogason
Stefán Sigurþór Agnarsson
Hermann Guðmundsson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2016 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2017

Aðalmenn	
Kristinn Bjarnason	Reykjavík
Logi H Halldórsson	Reykjanesbæ
Varamenn	
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Reykjavík
Maron Tryggvi Bjarnason	Reykjavík

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FYRIR AÐALFUND 2016 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2017

Aðalmenn	
Birgir Gíslason	Kópavogi
Ólafur Kristinn Hafsteinss.	Hafnarfirði
Varamenn	
Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRIÐ 2016

Ingólfur Rögnvaldsson	Hellu
Ármann Ægir Magnússon	Hveragerði

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRIÐ 2016

Stefán Agnarsson	Vestmannaeyjum
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLTRÚA Á ÞING SAMIÐNAR 2016

Þar sem um mjög fjölmennan fulltrúahóp er að ræða gerir uppstillingarnefnd tillögu um að aðal- og varafulltrúar FIT á þingi Samiðnar 2016 verði stjórn félagsins og varastjórn auk allra fullgildra félagsmanna sem kosnir hafa verið til trúnaðarstarfa á aðalfundum FIT 2015 og 2016.

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDA 2016 TIL 2017

Einar Þór Gíslason	Bífreiddasmiður	Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bífvélavirki	Logi H Halldórsson	Vélvirki
Birgir Gíslason	Málari		



Traust og björt framtíðarsýn

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is.

Við hjálpum þér að búa í haginn fyrir framtíðina.

